

**Sþ.**

**78. Tillaga til þingsályktunar**

[66. mál]

um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jónas G. Rafnar, Gísli Guðmundsson, Björn Jónsson, Ingvar Gíslason, Bjartmar Guðmundsson, Friðjón Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort eigi sé grundvöllur fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd. Skal þeirri athugun lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

**Greinargerð.**

Á síðasta Alþingi lögðu þingmenn úr Norðurlandskjördæmi eystra fram tillögu til þingsályktunar um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd. Tillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð frá flutningsmönnum:

„Ríkið hefur rekið garðyrkjuskóla að Reykjum í Ölfusi síðan 1939. Þetta er þörf stofnun, en fullnægir alls ekki, a. m. k. nú orðið, öllu landinu. Auk þess er af mörgum ástæðum æskilegra, að garðyrkjuskólarnir séu heldur tveir en einn fyrir landið.

Þjóðin þarf að auka garðyrkju sína. Garðyrkjugreinar eru orðnar margar. Mikil sérhæfing komin til sögunnar. Verkaskipting milli garðyrkjuskóla gæti verið hagkvæm.

Á Norðurlandi er mikil garðyrkja og áhugi á því að auka hana enn meir. Þar er aðkallandi þörf fyrir garðyrkjuskóla.

Flutningsmenn tillögunnar telja rétt að staðsetja skólann á Akureyri eða í nágrenni hennar, af því að á Akureyri eða í námunda við hana muni hann njóta sín best. Jarðvegsskilyrði eru þar góð og veðurfarsskilyrði einnig heppileg með tilliti til þess, sem rækta þarf við slíkan skóla.

Garðmenning á Akureyri er eldri og rótgrónari en almennt gerist í landinu. Þar eru margir garðar einstakir í sinni röð, fjölbreyttir og vænlegir til kynningar við kennslu. Þar er grasgarður, sem veitt gæti góð skilyrði til náms með kynningu á plöntugróðri, og mætti hugsa sér, að þar fari fram einhver hluti verknáms í skrudgarðyrkju.

Þar — eða í nánd — er hægt að fá jarðhita til ylræktar.

Á Akureyri eru skilyrði til að fá sérmenntaða kennara, sem starfa við aðra skóla, til kennslu í ýmsum undirbúningsgreinum við garðyrkjuskóla.

Tillagan gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin undirbúi löggjöf um skólann og leggi frumvarp að þeirri löggjöf fyrir næsta reglulegt Alþingi, en einnig er ætlað til, að hún undirbúi framkvæmdir eftir því, sem við getur átt, að öðru leyti samhliða, t. d. tryggi skólanum stað.“

Tillögunni var vísað til fjárveitinganefndar til athugunar.

Fjárveitinganefnd skilaði eftirfarandi álit:

„Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum sínum og fengið um hana umsögn Búnaðarfélags Íslands. Aðrir, sem leitað var álits hjá, hafa ekki svarað.

Í umsögn Búnaðarfélagsins kemur fram, að hafin sé endurbygging garðyrkju-skólans á Reykjum í Ölfusi og að takmarkið sé, að skólinn fullbyggður taki 40 nemendur, en hægt verði að hafa 12 nemendur í skólanum næsta vetur. Muni það að öllum líkindum fullnægja þörfinni fyrst um sinn, ef fullbyggt yrði á Reykjum. Hins vegar kveðst stjórn Búnaðarfélagsins eigi vita, hvað líði undirbúningi eða framkvæmd fjörutíu nemenda skóla á Reykjum, og „væri svo, að það mál væri enn skammt á veg komið, gæti það verið til athugunar, að ganga eigi svo langt í stækkun skólans, en taka heldur til athugunar byggingu nýs garðyrkjuskóla á Norðurlandi í þess stað“.

Nefndin er sammála um, að hér sé hreyft máli, sem rétt sé að athuga ýtarlega, og mælir með því, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

**BREYTINGU:**

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort eigi sé grundvöllur fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd. Verði leitazt við að ljúka þeirri athugun fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 5. maí 1965.

Jón Árnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason, frsm.
Halldór E. Sigurðsson.	Geir Gunnarsson.	Jónas Pétursson.
Óskar E. Levy.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Matthías Bjarnason.“

Komið var svo nærri þinglokum, þegar fjárveitinganefnd skilaði álitinu og tillögu sinni, að Alþingi vannst ekki tími til þess að afgreiða málið.

Nú hafa flutningsmenn tekið upp — nálega óbreytta — breytingartillöguna, sem fjárveitinganefndin stóð einróma að, og vænta þess því, að málið geti fengið fljóta afgreiðslu á þessu þingi.